

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali

með skýringum

frá Andrésí Magnússyni, Arnfríði Guðmundsdóttur, Erni Bárði Jónssyni, Gísla Tryggvasyni, Illuga Jökulssyni, Katrínu Oddsdóttur, Lýð Árnasyni, Pétri Gunnlaugssyni og Þorvaldi Gylfasyni.

Lagt fram fundi Stjórnlagaráðs, 11.7.2011

Hert ákvæði um ríkisábyrgð

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu
Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna. Slík lög eru háð samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.	11. Eignir og skuldbindingar ríkisins <i>Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með lögum.</i> Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna og skal það háð samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi. <i>Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum.</i>

Skýring:

Fyrsta málsgrein er óbreytt.

Önnur málsgrein er viðbót og er henni ætlað að koma í veg fyrir að fjármálagjörningar einkaaðila lendi á ríki og skattborgurum. Einnig er ákvæðinu ætlað að vinna gegn ójafnræði meðal fyrirtækja á einkamarkaði með því að koma í veg fyrir bjagað samkeppnisumhverfi. Með „einkaðilum“ er átt við lögaðila sem ekki eru í opinberri eigu. Þar af leiðandi falla opinberar stofnanir og félög á borð við Íbúðalánasjóður, Landsvirkjun og Ríkisútvarpið ekki undir ákvæðið.

Þriðja málsgreinin fjallar um undanþágu fyrir ríkisábyrgð. Er það gert til að halda möguleikanum opnum í þjóðarþágu. Dæmi um slíkt gæti verið stöðvun flutninga til og frá landinu. Aukinn þingmeirihluti er lagður til í því skyni að áréttu að víðtæka samstöðu þurfi til að samþykkja ríkisábyrgð.

Fjórdða málsgrein er óbreytt.